

# Sjónarmið sem komu fram á vinnustofu um samstarf stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis

13. apríl 2023



Stjórnarráð Íslands  
Háskóla-, iðnaðar- og  
nýsköpunarráðuneytið

Netöryggisstefna  
Íslands 2022–2037

# Spurning 1

Hverjir eru kostir og gallar við núverandi fyrirkomulag samstarfs og samráðs um netöryggi, byggt á eigin reynslu eða þekkingu?

Til umhugsunar:

Hvað hefur virkað vel til þessa og af hverju?

Hvað hefur ekki virkað vel til þessa og af hverju?

# Sjónarmið

## Kostir:

- Almennt ríkir traust, samskipti óformleg, boðleiðir stuttar og umhverfið kvíkt
- Öflugt og virkt samstarf á meðal fjármálafyrirtækja og meðal fjarskiptafyrirtækja
- Geta CERT-IS hafi verið styrkt til muna og sviðshópar þess gangi vel
- Netöryggisráð vettvangur sem nýtist vel til miðlunar upplýsinga á meðal fulltrúa þess
- Erlend samvinna aukist
- Mikil samstaða og vilji til að stofna formlegan samráðsvettvang

## Gallar:

- Enginn formfastur samráðsvettvangur fulltrúa atvinnulífsins og stjórnvalda til
- Takmarkað/ekkert samráð á forstigum stefnumótunar (áður en birt í samráðsgátt)
- Engin ein stofnun með heildarsýn yfir netöryggismál
- Ábyrgð, tilgangur, valdheimildir netöryggisráðs óskýrar; lokaður hópur, starfsemi ómarkviss, ráðið gefur ekki frá sér ályktanir
- Enginn vettvangur til að ræða sértæk málefni, t.d. varnarmálavitund, upplýsingatækni, traustþjónustu, fræðslu í skólum/f. neytendur o.s.frv.

# Sjónarmið

## Spurning 1

# Spurning 2

Hvers konar verkefna á sviði netöryggis ætti samráðsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs að ná til?

Til umhugsunar:

Hvað ber að leggja áherslu á?

Stefnumótandi þættir (strategic) eða viðbragðsstjórnun (operational), eða hvoru tveggja?

Hvað með tæknileg viðfangsefni?

Öll viðfangsefni sem tengjast netöryggi eða einblína á tiltekin viðfangsefni (breidd vs. dýpt)?

Hvað með upplýsingaskipti, vitundarvakningu, þróun góðra starfsvenja, rannsóknir og greiningu, meðhöndlun atvika og áfallastjórnun, viðvaranir, æfingar, tæknilegt mat, skilgreining staðla, áfallastjórnun, áætlanir um samfelldan og órofin rekstur, neyðar/viðbragðsáætlanir, stöðumat, tölfræði, áhættumat?

Þau sjónarmið sem fram komu á vinnustofunni vegna spurningar nr. 2 voru flokkuð í 11 mismunandi verkefnaflokka sem skipt hefur verið í tvo yfirflokka „stefnumótandi þáttur“ og „viðbragðsstjórnun“ (sjá næstu slæðu).

Á heildina voru flest verkefni þess eðlis að þau vörðuðu upplýsingaskipti á milli samstarfsaðila og almenna vitundavakningu. Því næst var áhersla á áhrif á stefnumótun, aukið samstarf við gerð áhættumats og viðbragðsáætlana.

# Úrvinnsla

Spurning 2

# Verkefnaflokkar

Meiri áhersla	<b>Stefnumótandi þáttur</b>  Upplýsingaskipti (1.-2. sæti)* Vitundarvakning (1.-2. sæti) Áhrif á stefnumótun (3. sæti)	<b>Viðbragðsstjórnun</b>  Áhættumat (4. sæti) Viðbragðsáætlanir (5. sæti)
Minni áhersla	Rannsóknir og greining (6. sæti) Þróun góðra starfsvenja (7.-10. sæti) Nýsköpun (11. sæti)	Meðhöndlun atvika (7.-10. sæti) Tæknilegt mat (7.-10. sæti) Viðvaranir (7.-10. sæti)

\* Verkefnaflokkum var raðað í sæti út frá hlutfallslegum fjölda sjónarmiða sem átti við hvern flokk. Flest sjónarmið flokkuðust sem *upplýsingaskipti* og *vitundarvakning*, því næst *áhrif á stefnumótun* o.s.frv.

# Sjónarmið

## Upplýsingaskipti

Upplýsingaskipti sem efla traust, samhæfingu og jafnræði á milli samstarfsaðila.

Virk þátttaka eftirlitsaðilar mikilvægra innviða í upplýsingagjöf.

Upplýsingaskipta t.d. almennt um netöryggi, fjarskiptasamband til útlanda, fjölþáttaógnir, upplýsingaóreiðu, ógnir/árásir, stöðumat, veikleika, æfingar, rannsóknir og tækifæri.

## Vitundarvakning

Áhersla á almenna vitundarvakningu og fræðslu fyrir almenning um netöryggi, en líka einblína á fyrirtæki (þjálfun starfsmanna, skapa fyrirtækjamenningu).

Deilir upplýsingum um námskeiðum fyrir atvinnulífið.

Beitir sér fyrir betri fræðslu/námi um netöryggi á öllum skólastigum.

## Áhrif á stefnumótun

Samráð um stefnumótandi þætti, mótar sér skýr markmið/áherslur og aðgerðir á sviði netöryggis.

Mótar aðgerðir til að fá skýjaþjónustur til Íslands, stuðlar að uppbyggingu innviða og nýsköpun.

Sér um hagsmunagæslu netöryggis; er ráðgjafi stjórnvalda.

## Áhættumat

Stuðlar að frekari samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs við gerð áhættumats og að bera kennsl á veikustu hlekki í öryggiskeðjunnar.

Greining á veikleikum hjá aðilum sem ekki eru skilgreindir mikilvægir innviðir skv. lögum en þjóna mikilvægu hlutverki.

## Viðbragðsáætlanir

Aukin samvinna við áætlanagerð um samfelldan og órofa rekstur.

Samstarf við að skilgreina upplýsingaskipti á milli stjórnvalda og atvinnulífs í viðbragðsstjórnun.



# Spurning 3

Hvernig á samráð stjórnvalda og atvinnulífs að fara fram og hvað þarf til þess að það virki?

Til umhugsunar:

Hverjir eiga að koma að málum?

Hverjir eru stjórnarhættirnir?

Hver er í forsvari? Jafnvel breytilegt?

Hvernig fara samskipti fram?


Hvernig er verkaskipting milli aðila?

Gefur vettvangurinn frá sér niðurstöður/ályktanir?

# Sjónarmið

Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs gæti verið skipt í tvo megin hluta:

- 1) Ráðgjafaráð/stýrihóp skipaður fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífsins.
  - 2) Vinnu/faghópar sem fjalla um sértæk mál með fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífs, almennings.
- Árlega 1-2 ráðstefnur til að fara yfir helstu mál sem rædd voru í vinnuhópum/stýrihóp.
  - Áhersla á að vettvangurinn sé nútímalegur og dýnamískur; hægt horfa til fyrirmynda líkt og Ský, Staðlaráðs og/eða Stjórnvísí við skipulagningu vettvangsins.
  - Stjórnvöld bera ábyrgð á vettvanginum en mögulega hægt að fela öðrum aðila til að vera í forsvari.
  - Fulltrúi stjórnvalda og atvinnulífs gætu skipts á formennsku vettvangsins.



Myndræn lýsing sjónarmiða um hvernig samstarf stjórnvalda og atvinnulífs gæti farið fram. Mynd teiknuð af þátttakendum vinnustofunnar.

# Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs

**Næstu  
skref**

**Unnið að tillögum** um að formgera samráðsvettvang.

Gert ráð fyrir að tillögur fari í **opið samráð** í sumar.